

Eystrahorn



15. tbl. 40. árgangur

Miðvikudagurinn 13. apríl 2022

www.eystrahorn.is

„Hjálpum börnum heimsins“

Kjörorð Kiwanis stendur vel undir nafni, en ágóði af Groddaveislu Kiwanisklúbbsins Óss mun renna til styrktar flóttabörnum frá Úkraínu að upphæð krónum 400.000. Félagi í Ós er með sterk tengsl við Úkraínu og liggja tengsl Kiwanishreyfingarinnar í Evrópu sterk til hjálpar. Klúbbar í Rúmeníu, Póllandi og Austurríki til að nefna nokkra eru að aðstoða flóttafólk við landamærin, og senda mat og nauðsynjar til Kiwanisklúbba í Úkraínu til að dreifa þar. Kiwanis Children Fund í Evrópu er með fjöldasöfnun og KCF tengill umdæmis tekur við söfnunarfé og getur gjaldkeri hjá Ós komið söfnunarféinu beint til KCF sem verður lagt inn á reikning Styrktarsjóð hjá Ós 0525-26-000972 merkt „Úkraína“.

Kiwanis er alþjóðleg þjónustuhreyfing manna og kvenna sem hafa það að markmiði að taka þátt í að bæta samfélagið og láta gott af sér leiða undir kjörorðinu: „Hjálpum börnum heimsins“. Hreyfingin leggur áherslu á manngildi og eflingu félagskenndar meðal félagsmanna. Hver Kiwanisklúbbur reynir að þjóna sem best því samfélagi þar sem hann starfar. Í Kiwanis eru kvenna-, karla- og blandaðir klúbbar og er hreyfingin ávallt tilbúin að aðstoða við stofnum nýrra klúbba og taka við nýjum félögum. Það þarf aðeins að senda póst á seinars@kiwanis.is og biðja um að vera með. Vonandi gengur að stofna kvennaklúbb á Höfn á komandi ári en öllum áformum um það hafa seinkað vegna Covid.

Kiwanisklúbburinn Ós verður 35 ára 2022 og eflaust verður tímamótanna minnst ef það verður mögulegt. En öll erum við farin að vona að Covid



Svipmyndir úr starfi Kiwanis

hverfi svo lífið verði aftur sem eðlilegast.

En hvað gerir Kiwanisklúbburinn Ós fyrir samfélagið?

Klúbburinn hefur styrktarsjóð til að halda utan um ágóða af verkefnum klúbbsins. Ágóði af árlegri jólatrjásölu, páskabingói og Groddaveislu fer í Styrktarsjóð Óss og er þaðan veitt út til samfélagsins. Í kringum jólin voru 15 bágstaddar fjölskyldur styrktar með aðstoð NETTÓ. Ós hefur styrkt grunnskólann og framhaldsskólann með veglegum gjöfum í gegnum árin. Heilbrigðisþjónustan hefur fengið sinn hluta af söfnunarfé til tækjakaupa og ýmsar safnanir hafa verið til hjálpar langveikum börnum.

Nefna má fleiri verkefni t.d. Kiwanisdúkkuverkefni. En

það eru prestar í Hafnarkirkju sem sjá um að gefa ungum börnum litla tuskudúkkuna á fjölskyldumorgnum. Enn eitt verkefnið sem Ós styrkir eru sérstök gleraugu sem henta vel í íþróttum og hefur Ungmennafélagið Sindri umsóknarformið til að sækja um slík gleraugu fyrir börn.

Landsverkefni á vegum Kiwanis eru t.d. Grímseyjasöfnun 2021 hjá klúbbum í Kiwanis, hjálmar til barna í samstarfi með Eimskip frá 2003. Evrópuverkefni eru Happy Child stuðningur við börn á flotta í Sýrlandi 2020-2021, skósöfnun til fátækra barna í Rúmeníu 2021. Það sem Kiwanishreyfingin á Íslandi er þekktust fyrir er sala á K-lyklinum sem er seldur undir kjörorðinu „Glyemum ekki geðsjúkum“ á 2-3 ára fresti.

Helsta heimsverkefni Kiwanis undanfarin 11 ár er

útrýming á stífkrampa Maternal/ Neonatal Tetanus í samstarfi við UNICEF Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna frá 2010. Því miður hefur ekki enn náðst að útrýma stífkrampa í nokkrum stríðshrjádum löndum en í 27 löndum hefur það markmið náðst.

Sérstakar þakkir fá eftirtalin fyrirtæki; Hafid, Birki, Hans Christensen, Mikael, Martólvan, Þingvað, Húsasmiðjan, Nettó, Ajtel, Múrfeðgar, Flytjandi, Olís, Hvalur hf og Sælgætisgerðin Freyja fyrir aðstoð við hin ýmsu verkefni klúbbsins. Ekki má svo gleyma fjölmörgum félögum í Ós sem vinna við hin ýmsu verkefni.

Stjórn Kiwanisklúbbsins Óss
óskar öllum Hornfríðingum
gleðilegra páska

Athugið að ekki kemur út tölublað í vikunni eftir páska.
Næsta tölublað kemur út fimmtudaginn 28. apríl.

Páskahelgihald Bjarnanesprestakall

Hafnarkirkja Skírdagur kl. 11:00 (ferming)
Brunnhólskirkja Skírdagur kl. 13:30

Hafnarkirkja Föstudagurinn
langi kl. 14:00

Hafnarkirkja Laugardagur fyrir
páska kl. 11:00 (ferming)

Hafnarkirkja Páskadagur kl. 10:30
Skjólgarður Páskadagur kl. 11:15
Bjarnaneskirkja Páskadagur kl. 14:00





Sveitarfélagið auglýsir eftir ungmennum í vinnuskólann sumarið 2022

Ungmennir sem fædd eru 2005 – 2009 geta sótt um vinnu í vinnuskólanum. Boðið er upp á vinnu frá kl. 9-12 eða kl. 13-16. Það fer allt eftir fjölda umsókna hvort við getum boðið upp á vinnu allan daginn í sumar en það verður þá auglýst síðar í tölvupósti til foreldra.

Eins og fyrr er vinnuskólinn í sirka 8 vikur en hann hefst þann 7. júní og síðasti vinnudagur er 29. júlí.


Til að sækja um vinnu er best að fara inn á íbúagátt og sækja um vinnu en það þarf að muna eftir að skrá allar upplýsingar.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á herdisiw@hornafjordur.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn ungmennis, kennitala, heimilsfang, nafn foreldra, símanúmer, tölvupóstfang, bankaupplýsingar barns og hvenær ungmennið mun vilja vinna (tímabil) og þá einnig hvort unnið verður fh. eða eh. Við hvetjum alla til að sækja um í vinnuskólanum líka þá nemendur sem eru að ljúka 9. og 10. bekk


Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k.
Ef óskað er eftir frekari upplýsingum þá vinsamlegast sendið tölvupóst á: herdisiw@hornafjordur.is eða hringið í síma 4708028



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Skóla- og íþróttasvæði á Höfn, deiliskipulag

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 7. apríl 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæði Hafnar í samræmi vð 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið er um 9,3 ha að stærð og afmarkast af Hafnarbraut og Víkurbraut. Sparkvelling austan Víkurbrautar, milli Fálkaleiru og Bugðuleiru eru einnig innan skipulagssvæðisins. Innan svæðisins er að finna ýmisskonar þjónustu og starfsemi, s.s. íþróttasvæði og skóla. Íbúðasvæði innan göturreitsins er utan deiliskipulagsins.

Með deiliskipulaginu er verið að skapa grundvöll til frekari uppbyggingar á skóla- og íþróttasvæði og mynda sterkari miðkjarna í bæjarfélaginu.

Gildandi deiliskipulagsáætlanir, sem ýmist eru að fullu eða hluta innan skipulagssvæðisins, munu falla úr gildi og mörk þeirra aðlöguð að nýju skipulagi við staðfestingu nýs deiliskipulags eftir því sem við á.

Tillaga að deiliskipulaginu er til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir „Skipulag í kynningu“ og á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 13. apríl til 25. maí 2022.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is ekki seinna en **25. maí 2022**.

*Brynja Dögg Ingólfsdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar*




Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is

HEFUR ÞÚ HLUSTAÐ Á HLAÐVARP EYSTRAHORNS?

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/hladvarp
eða á Spotify

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlprent
ISSN 1670-4126

Verðlaunaafhending sigurtillögu um Leiðarhöfða



Hér má sjá vinningstillögunu

Gestkvæmt var í Svavarssafni miðvikudaginn 6. apríl enda ærið tilefni til mannfagnaðar. Framundan var að afhjúpa vinningstillögu um Leiðarhöfða á Höfn, en Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti Sveitarfélaginu Hornafirði veglegan styrk í mars 2021 til þess að halda hugmyndaleit fyrir framtíðarnýtingu höfðans. Tilgangurinn var að móta umgjörð um hugsanlega uppbyggingu, bæta aðstöðu og aðgengi til útivistar og auka útsýnis- og náttúruupplifun svæðisins jafnt íbúum sem gestum til yndisauka. Fimm teymi voru valin til þátttöku í samkeppninni að loknu forvali, og voru allar tillögurnar kynntar við hátiðlega athöfn.

Það var tillagan „Umhverfis Leiðarhöfða“ sem bar sig úr bítum, en þrjár arkitektastofur, Landmótun, Hjark og Sastudio mynduðu teymi um hana. Að sögn Sæmundar Helgasonar, formanns dómnefndar, var tillagan spennandi, vel útfærð og líkleg til þess að efla svæðið sem bæði áfangastað og útivistarsvæði. Einnig var hún talin uppfylla meginmarkmið hugmyndaleitarinnar sem er að efla Höfn sem ferðamannastað og búsetukost, með því að bjóða upp á einstakan áfangastað sem byggir á sérstöðu svæðisins.

Vinningstillagan gerir meðal annars ráð fyrir nýbyggingu með fjölnotarymi, leiksvæði sem sækir innblástur í gömlu saltfiskgrindurnar sem áður voru nýttar í atvinnustarfsemi við höfðann, aðstöðu fyrir kajak ræðara, nestisrymi í naustum, setstóllum til suðurs og

vesturs, sem og endurvakningu Höfðatjarnarinnar. Athygli vakti hve mikla virðingu tillagan bar fyrir íbúakönnuninni sem sveitarfélagið stóð fyrir varðandi framtíð og þróun Leiðarhöfða vorið 2021, en á fjórða hundrað íbúar sveitarfélagsins tóku þátt í henni. Einnig var ljóst að höfundar tillögunnar höfðu kynnt sér litríka sögu höfðans vel og nýttu hana á frumlegan hátt til að glæða svæðið lífi. Næstu skref eru að hefja vinnu deiliskipulags fyrir svæðið sem byggir á hugmyndum vinningstillögunnar.

Samkvæmt dómnefndaráliti þótti vel hafa tekist til og að allar innsendar tillögur hafi sýnt faglega og metnaðarfulla nálgun. Allar tillögur voru unnar í samræmi við samkeppnislýsingu og þær kröfur sem settar voru fram. Framsetning tillagnanna var skýr, aðgengileg og til fyrirmyndar, og lagði dómnefnd í vali sínu áherslu á að velja tillögu sem svarar best þeim viðmiðum sem sett voru fram í samkeppnislýsingu.

Samkeppnin var haldin í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, og voru eins og áður sagði fimm teymi valin til þátttöku að undangengnu forvali. Alls sóttu níu teymi um þátttöku sem öll uppfylltu fagleg viðmið. Voru eftirfarandi fimm teymi dregin út til áframhaldandi þátttöku, í votta vidervist; Landmótun, Hjark arkitektúr og Sastúdíó, MandaWorks og ALTA, VA arkitektar og Betula, Svavarsson Design Lab og April arkitektar, Sei Stúdíó og Teiknistofa Norðurlands.



Mæting var góð þegar vinningstillagan var afhjúpuð



Árdís Erna atvinnu- og ferðamálafultrúi, Sæmundur formaður dómnefndar ásamt Huldu, Jóhanni og Kristínu, fulltrúum vinningstillögunnar

Nafnleynd hvíldi á framlögðum tillögum þar til dómnefnd skilaði álitinu sínu. Dómnefnd var skipuð þremur fulltrúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar, þeim Sæmundi Helgasoni bæjarfulltrúa, Bryndísi Hólmarsdóttur bæjarfulltrúa og Björgvini Óskari Sigurjónssyni bæjarfulltrúa, sem og tveimur fulltrúum FÍLA, þeim Hermanni Ólafssyni landslagsarkitekt og Hildigunni Haraldsdóttur arkitekt. Jóhanna Helgadóttir

arkitekt og skipulagsfræðingur var verkefnastjóri og ritari dómnefndar og Ólafur Melsted, landslagsarkitekt FÍLA, sinnti störfum trúnaðarmanns. Er þeim öllum þakkað fyrir verulega gott og ánægjulegt samstarf sem við höfum fulla trú á að muni leiða til metnaðarfullrar uppbyggingar á höfðanum, sem skipar svo sterkan sess í hugum heimamanna.

Árdís Erna Halldórsdóttir,
Atvinnu- og ferðamálafultrúi

STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR ÓSKAST



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRDUR

HÆFNISKRÖFUR

Reynsla, færni og áhugi á starfi með börnum og unglingum.

Hæfni í mannlegum samskiptum sem og jákvætt viðhorf til barna og unglinga.

Umburðarlyndi og vilji til samstarfs við foreldra.

Hreint sakavottorð.

Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

Velferðarsvið Hornafjarðar auglýsir eftir stuðningsfjölskyldum sem boðið geta barni inn á heimili sitt tvo sólarhringa í mánuði í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu og styrkja stuðningsnet barnsins. Úrræðið er veitt á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og barnaverndarlaga.

Umsókn skal fylgja:

Heilbrigðisvottorð allra heimilismanna, 18 ára og eldri. Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá allra heimilismanna eldri en 15 ára.

Yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum.

Upplýsingar um önnur leyfi eða samkvæmt barnaverndarlögum og/eða lögum um málefni fatlaðs fólks ef við á.

SJÓN með þjónustu á Höfn



Markús Stephan Klinger

Markús Stephan Klinger er sjóntækjameistari frá Austurríki en hann stofnaði Sjón gleraugnaverslun árið 1999 og hefur verslunin stækkað jafnt og þétt allt síðan hún opnaði. Sjón verður á Höfn í Hornafirði daganna 22.-23. apríl í Slysavarnarhúsinu og á Reyðarfirði dagana 25.-28. apríl í húsi Hárbankans, Búðareyri 3. Hægt er að koma í sjónmælingu og skoða allskonar frábær tilboð.

“Við höfum farið til Vestmannaeyja og Húsavíkur með gleraugnaþjónustu síðustu 20 ár, og hef einnig farið á Austurland og víða um Ísland til að veita þjónustu til þeirra sem þurfa. Það hefur verið vel tekið á móti okkur þar sem við komum en fólk kann að meta þá góðu þjónustu sem við veitum og flestir halda áfram að versla við okkur. Við leggjum mikið upp úr að veita góða þjónustu og það vita viðskiptavinir okkar,” segir Markús, eigandi Sjónar.

“Við hlökkum til að heimsækja Austurland og stefna okkar í framtíðinni er að koma á 3 mánaða fresti með allar græjur til að sjónmæla og auðvitað allskonar tilboð og auðvitað frábæra þjónustu.”

Grænn auðlindagarður í Reykholti í Bláskógabyggð



Frá undirskrift viljayfirlýsingar: f.v. Knútur Ármann (Friðheimum), Helgi Kjartansson (oddviti Bláskógabyggðar), Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Sveinn Adalsteinsson (Orkidea), Hildur Ósk Sigurðardóttir (Gufuhlíð) og Axel Sæland (Espiflöt).

Orkidea, samstarfsverkefni um nýsköpun í matvælaframleiðslu og líftækni, skrifaði í vikunni undir viljayfirlýsingu um hagkvæmniskoðun á stofnun Græns auðlindagarðs í Reykholti í Biskupstungum (Bláskógabyggð) með öflugum ylræktarfyrtækjum og sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Ylræktarfyrtækin eru Espiflöt ehf., Friðheimar ehf. og Gufuhlíð ehf. Samtals eru þessi fyrtæki með rúmlega 3 ha undir gleri og nota um 6 MW af uppsettri raforku. Ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, var viðstödd undirritunina og hvatti viðstadda til frekari dáða í þessu verkefni, sem hefur verið í undirbúningi í vetur.

Grænn auðlindagarður fylgir hugmyndafræði grænna iðngarða og nær yfir ákveðið svæði með fyrtækjum þar sem fyrtækin leitast við að ná fram betri nýtni auðlinda, hreinni framleiðslu, stuðla að samlífi (symbiosis) fyrtækja, draga úr loftslagsbreytingum og mengun ásamt því að fylgja félagslegum stöðlum, samnýta innviði og öðlast betri stýringu á áhættu. Grænn auðlindagarður er liður í því að byggja upp hringrásarkerfi í framleiðslu, sem byggist á því lágmarka úrgang og hámarka nýtingu auðlinda. Jafnframt gefa auðlindagarðar, grænir sem aðrir, færi á sameiginlegum innkaupum orku og þjónustu sem gæti verið hagfelld fyrir einstök fyrtæki garðsins.

Viðburðurinn markar tímamót í áframhaldandi vinnu með Græna iðngarða (Eco Industrial Parks), sem á mikið erindi við græna orkunotendur Íslands, ekki síst í dreifðum byggðum landsins.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga hefst 15. apríl 2022.

Frá og með 19. apríl verður hægt að kjósa á opnunartíma skrifstofum embættisins. Beri kjósanda nauðsyn til að nýta kosningarétt sinn yfir páskana er hægt að hafa samband við vaktsíma sýslumanns milli kl. 12:00 og 16:00 og panta tíma hjá kjörstjóra. Símanúmer vaktsíma er 458 2820 og verður hann eingöngu í notkun yfir páskana.

Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:

- Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði.
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal.
- Austurvegi 6, Hvolsvelli.
- Hörðuvöllum 1, Selfossi. Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Íbúakosning í Sveitarfélaginu Hornafirði

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður kosið um nýtt aðal- og deiliskipulag í Innbæ á Höfn. Nánari upplýsingar um kosninguna má finna á www.hornafjordur.is.

Lengdur opnunartími vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar verður auglýstur síðar. Bent er á vefsíðuna www.kosning.is þar sem nálgast má ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

11. apríl 2022

Kristín Þórðardóttir



AUSTURLAND! SJÓN ER AÐ KOMA!



VIÐ VERÐUM Á
HÖFN Í HORNAFIRÐI

22. OG 23. APRÍL

FRÁ 10:00-18:00 Í

SLYSAVARNARHÚSINU

REYÐARFIRÐI

25. OG 26. APRÍL

FRÁ 10:00-18:00

27. APRÍL FRÁ 10:00-14:00

Í HÚSI HÁRBANKANS

SJÓN
gleraugnaverslun - Glæsibæ

**ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ PANTA
TÍMA STRAX Í SJÓNMAELINGU
Í SÍMA 511-6699 EÐA 899-8801
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR**

35% AFSLÁTTUR FYRIR ALDRAÐA OG ÖRYRKJA

30% AFSLÁTTUR FYRIR ALLT NÁMSFÓLK

2 FYRIR 1 AF GLERAUGUM

SJÓN BARNAGLERAUGU Á 20.000 KRÓNUR